

Pési



Lesið þetta

- Þakkargjörðar og uppskeruhátíð
- Auglýsingar
- Fréttir
- Atvinnuþróunarfélagið
- Kórastarfið

Næsti Pési kemur út 16.okt. Skil á efni er 13. okt

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	2
Fréttir	3
Bréf	8
Golfið	10
Heimaland	12
Uppskeruhátíð	20
Kiwanis	22

Sept 2009

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Ísólfur Gylfi Pálmason

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

19. árgangur. 230. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

Íslandsmeistarar.

Fjórði flokkur karla, Ungmennafélags Hrunamanna gerði það gott í Íslandsmóti í knattspyrnu í 7 manna bolta, en úrslitaleikirnir fóru fram á Akureyri 22-23. ágúst. Þessir snjöllu strákar töpuðu ekki leik í sumar. Þjálfari liðsins er Árni Þór Hilmarsson en Heimir Gunnarsson þjálfar strákana á veturna. Stærsti sigurinn var 16 - 2 þannig að gömlu úrslitin 14 - 2 þegar Danir sigruðu Ísland forðum daga féllu í skugga sigurs Hrunamanna. Hafþór Ingi Ragnarsson skorði 11 mörk í keppninni. En hann er aldeilis efnilegur íþróttamaður því hann keppti í meistaramóti FRÍ á Höfn í Hornafirði og varð Íslandsmeistari í hástökki. Þar með er ekki öll sagan sögð því hann hefur einnig verið valinn í landsliðshóp í körfuknattleik í aldursflokknum 15 ára og yngri. Íþróttir eru holl og góð afþreying og ekki sakar þegar svona vel gengur. Öllum þessum afreksmönnum er óskað til hamingju og þjálfurum þökkuð ómetanleg störf.



Kornskurður í Bryðjuholti. Ljós: SigSigm



Genoið frá eftir fornleifaunnorróft á Rúðararhalka

Þakkargjörðar- og uppskeruhátíð

Við höfum upplifað dásamlegt sumar með einmuna veðurbliðu hér á Suðurlandi. Nú stendur uppskerutíminn sem hæst. Sumarið hefur verið gjöfult og uppskeran góð. Æ fleiri gera sér grein fyrir því hve íslenska grænmetið er hollt og heilnæmt og er hin gjöfula jörð hluti af náttúruauðlindum okkar með hreinleika, góðu neysluvatni o.fl. Þáttum sem leggja grundvöllinn að þessum hollu afurðum hvort framleidd er mjólk, kjöt eða grænmeti. Ný lög kveða svo á að skylt er að geta uppruna grænmetisins og er það vel. Við eigum stöðugt að vera á verði og vekja athygli á því þegar innflytjendur eru að reyna að líkja eftir merkingum á íslensku grænmeti. Á sama hátt eru miklir möguleikar fólgnir í því að upprunamerkja aðrar matvörur og er það hluti af nútíma markaðssetningu. Oft hefur verið í umræðunni hér í hreppnum að efna til uppskeruhátíðar þar sem á boðstólnum eru afurðir sumarsins. Eitt er að fá hugmynd en annað að framkvæma hana. Nú hefur hópur fólks í hreppnum undir forystu ferðamálafulltrúans okkar Ásborgar Arnþórsdóttur blásið til sóknar. Það er í senn uppskeru og þakkargerðarhátíð sem hefst með guðþjónustu í Hrunakirkju þar sem presturinn okkar séra Eiríkur Jóhannsson mun messa kl. 11 laugardagsmorguninn 19. september. Það er í rauninni vel til fundið að þakka almættinu fyrir gjöfult sumar áður en sérstakur grænmetismarkaður verður opnaður í Félagsheimilinu. Dagskrá uppskeruhátíðarinnar er að finna annarsstaðar í þessum Pésa. Fólk hefur í auknum mæli áhuga fyrir að fá að kynnst þeim sem standa að baki landbúnaðarframleiðslunni. Þessu má á margan hátt líkja við það þegar stoltir vínbændur í Evrópu kynna þau vín sem þeir hafa framleitt að sumrinu. Bændurnir okkar geta einnig verið stoltir af hollri og heilnæmri framleiðslu sem þeir leggja allan sinn metnað í að framleiða. Bændamarkaðurinn á Flúðum tókst með miklum ágætum í sumar og verður vonandi framhald á slíkri starfsemi næsta sumar. Vert er að þakka öllu því góða fólki sem kemur að uppskeruhátíðinni og öðrum hátíðum og uppákomum sem haldnar hafa verið hér í hreppnum í sumar. Vonandi verður haustið og veturinn okkur góður með farsælu skólastarfi og að önnur starfsemi í sveitarfélaginu fái að njóta sín.

Samkomulag Byggðar á Bríkum og Hrunamannahrepps

Gegnið hefur verið frá samkomulagi við fulltrúa Byggðar á Bríkum og Hrunamannahrepps varðandi uppbyggingu á nýju íbúðahverfi í landi Sunnuhlíðar við Flúðir. Þarna er gert ráð fyrir yfir 100 íbúða byggð og er mikil framtíðarhugsun í hugmyndum þeirra sem standa að Báb en það er skammtöfufun á byggðinni. Bríkur eru hins vegar gamalt örnefni af þessu svæði sem Guðrún Emilsdóttir benti á eins og reyndar fleiri örnefni sem notuð hafa verið þ.a.m. Austurhof. Þeir sem standa að Báb eru bræðurnir Guðmundur og Árni Hjaltasynir og frændi þeirra Páll Guðmundsson frá Sunnuhlíð. Þrátt fyrir að í augnablikinu sé samdráttur á Íslandi er ánægjulegt að menn hugsi til framtíðar því öll él styttr upp um síðir, hér er um mjög metnaðarfullt og spennandi verkefni að ræða. Undirritun samkomulagsins mun fara fram um leið og Páll Guðmundsson kemur frá Grænlandi þar sem hann vinnur nú um stundir.

Sigríður Helga sýnir í ráðhúsi Reykjavíkur

Listamaðurinn okkar í Hruna, Sigríður Helga Olgeirsdóttir undirbýr nú mikla sýningu þar sem hún hefur verið valin úr hópi listamanna til þess að sýna í október n.k. í Ráðhúsi Reykjavíkur. Við getum verið stolt af því að eiga listamenn hér sem náð hafa jafn góðum árangri og Sigríður Helga en nokkrir aðrir listamenn munu sýna við sama tækifæri. Sigríður Helga kennir handmennt við Flúðaskóla og er ekki ólíklegt að þar sé hún að leggja drög að því að við eignumst enn fleiri listamenn hér um slóðir í framtíðinni.

Hrunamönnum fjölgar

Í hverjum mánuði fáum við útprentun úr upplýsinga kerfi sem nefndist Granni. Fyrir einu ári voru íbúar hreppsins 797 en nú virðast þeir vera 811. Sem þýðir að íbúum hreppsins hefur fjölgað um 1.76% á ársvísu. Þessar tölur eru enn ekki staðfestar af Hagstofu Íslands en vissulega er það alltaf ánægjulegt þegar íbúum fjölgar í hreppnum. Ekki þarf að fjölyrða um það að afstaða íbúa hreppsins er mismunandi þegar talað er um sameiningu sveitarfélaga. Margir eru jákvæðir meðan aðrir mega ekki heyra á sameiningu minnst. Þeir sem mótfallnir eru sameiningu verða að standa sig enn betur því í tillögum samgönguráðherra, sem er ráðherra sveitarstjórnarmála, talar hann um að sveitarfélög sem eru undir 1000 íbúum verði að sameinast fyrir árið 2014. Enn vantar því 189 íbúa til þess menn þurfi ekki að huga að sameiningu.

Hafið opin augu!

Mikið er rætt um nágrannavöktun þessa dagana. Glöggur lesandi Pésans bendir á að aðeins hafi borið á að verið sé að nappa eldsneyti af dráttavélum og öðrum faratækjum hér um slóðir. Íbúar eru hvattir til þess að fylgjast vel með þannig að hægt verði að uppræta þessa óheppilegu iðju!

Fundur með fulltrúum Vegagerðarinnar

Fyrir skömmu trommuðu sveitarstjóri, oddviti, nýkjörinn alþingismaður og Guðmundur Hjaltason á fund forráðamanna Vegagerðarinnar á Selfossi til þess að fara yfir helstu atriði vegamála í sveitinni en góðar samgöngur eru hverju samfélagi mjög mikilvægar. Einnig var rætt um hraðakstur í þéttbýli, hraðahindranir, undirgöng, göngustíga og varanlega vegagerð. Nú er skólahald ný hafið og unga kynslóðin á ferð og flugi. Bílstjórar eru vinsamlegast beðnir að taka tillit til þess og aka varlega þar sem gangandi vegfarendur fara um. Vonandi leiðir fundurinn til þess að þau mál sem við höfum verið að þrýsta á þekist áfram.

Hollur er heimafenginn baggi

Gamalt máltæki segir að hollur sé heimafenginn baggi. Þess vegna leggjum við mikla áherslu á að matvæli sem framleidd eru hér í hreppnum séu seld í verslunum hér sem og í öðrum byggðarlögum. Sveitarstjóri hefur vakið athygli á þessu í blaðagrein í Morgunblaðinu fyrir skömmu og hefur fengið mjög jákvæð viðbrögð við greininni. Þetta á ekki einungis við Flúðir þetta þekkest víðar um land. Á tímum umræðu um umhverfismál, sparnað á orku, gjaldeyri o.fl. á þetta auðvitað ákaflega vel við.

Vatnið mikilvæg auðlind

Það eru engin geimvísindi, eins og Jóhann Pétur í hlutverki Ólafs Ragnars orðar það gjarnan, að án vatns getum við ekki verið. Svo brá við um verslunarmennahelgina s.l. varð vatnsskortur í tanknum stóra í Ásatúni. Ástæða vatnsskortsins var fyrst og fremst sú að óvarlega var farið með vatn til vökvunar í frístundabyggðinni, á þeim tíma var meiri vatnsnotkun á þessu svæði en í þéttbýlinu á Flúðum. Hugmyndin er að auka rennsli í Ásatúnstankinn en Blálækjarveitan í Fagradal er forsenda þess að þetta sé mögulegt og til þess að það sé hægt verður að nást samkomulag milli Hrunamannahrepps og landeigenda í Ásatúni.

Fegrun umhverfis

Þesinn þreytist ekki á að hvetja íbúa Hrunamannahrepps til þess að fegra umhverfið með góðri umgengni og tiltekt. Það er t.d. einkar ánægjulegt að skoða elstu götu Flúða, Túngötuna. Við þá götu búa margir nostrarar sem hafa mikið yndi af því að fegra umhverfið. Það er t.d. ánægjulegt að fylgjast með honum Hannesi Bjarnasyni sem hefur verið að græða upp svæði við götuna sem er orðið hvanngrænt og marga fleiri snillinga mætti nefna. Við erum þakklát öllum þeim sem kappkosta að gera fagurt umhverfi enn fegurra og gefur eldri kynslóðin ekki síður tóninn í þeim efnum en þeim sem yngri eru.

Det er dejligt i Danmark

Anna Ásmundsdóttir þreystist ekki á að gera dönsku að skemmtilegri námsgrein með samskiptum ungmenna úr Flúðaskóla við jafnaldra sína í Danmörku. Nokkrir kennarar og foreldrar slógust í för. Þegar nýr oddviti heimsótti skólann daginn eftir að Danmerkurfararnir komu heim mátti skynja dönskuáhrif hjá mannskapnum. Þar sem kartöfluuppskeran er með mesta móti í hreppnum er ekki úr vegi að halda við dönskunni með eina kartöflu í munnum svona til þess að ná fullkomnum framburði. Anna þarf þó ekki á kartöflunni að halda því hún talar dönsku enn betur en norðlenskuna sem hún heldur þó sem betur fer vel við. Öllum þeim sem komu að þessari velheppnuðu ferð er þakkað og um ferðina má lesa á heimasíðu Flúðaskóla. Skólinn og leikskólinn eru komnir í fullan gang eftir sumarleyfi og hefur Guðrún Pétursdóttir tekið við skólastjórn á ný en þær Jóhanna Lilja aðstoðarskólastjóri og Steinunn Margrét leystu það verkefni vel á síðasta skólaári.

Vinsæl vínbúð

Mikið hefur verið að gera í Vínbúðinni á Flúðum frá því að hún opnaði. Vínbúðum er skipt upp í 100 tegunda búðir, 200 tegunda búðir o.s.frv. Vínbúðin hér á Flúðum var söluhæsta 100 tegunda búðin í landinu nú í sumar. Þá er bara spurningin hvort að Hreppamenn hafi verið svona þyrstir eða hvort þetta séu allir þeir ágætu ferðamenn sem hafa heimsótt okkur í sumar. Ekki er vitað til að nákvæmar rannsóknir hafi farið fram varðandi það hvaðan viðskiptavinirnir koma. Hins vegar hafa margir velt því fyrir sér hvort skammur opnunartími miðist við það að starfsmenn hreppskrifstofunnar hafi lokið störfum þegar vínbúðin opnar en þeir eru næstu nágarnar búðarinnar og því freistingin enn meiri en hjá öðrum.

Aukin þjónusta við ung börn!

Grænlenk stúlka Louise Olsen í Hvammi er að undirbúa að geta boðið uppá þjónustu sem dagamma hér í Hrunamannahreppi. Louise er „sosial hjælper“ að mennt og hefur sótt um leyfi til slíkrar starfsemi til félagsmálastjóra uppsveita Árnassýslu, Nönnu Mjallar Atladóttur sem hefur aðsetur í Laugarási. Leikskólinn Undraland tekur ekki börn í fóstur fyrr en þau eru 18 mánaða gömul og er þetta því kærkomin þjónusta fyrir þá sem þurfa á henni að halda. Síminn hjá Louise er 8646468.

Réttir – hross

Eins og flestum íbúum hreppsins er kunnugt um eru réttirnar okkar orðnar nokkuð lúnar enda komnar á sextugsaldur. Það eru vinsamleg tilmæli Landbúnaðarnefndar að menn setji ekki hrossin sín inn í réttina.

6 Hrunaréttir hefjast kl. 10:00 föstudaginn 11. september

Uppbygging í fullum gangi

Upp- og endurbygging Hverhólmalaugarinnar er í fullum gangi. Gert er ráð fyrir að geta tekið við fyrstu baðgestum næsta sumar. Baðstaður sem þessi er skemmtileg viðbót við afþreyingarflóru ferðamanna í Hrunamannahreppi en Björn í Hvammi gerir einnig ráð fyrir því að opna veitingahús við laugina. Ef veðrið næsta sumar verður eins gott og það hefur verið í sumar má búast við mörgum „baðstrandargæjum og –þúm“ á öllum aldri við laugina! Skemmtileg lesning er um laugina annarsstaðar í Pésanum.

Starfsleyfi fjallaskála

Nú hefur Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitt öllum fjallaskálanum okkar starfsleyfi en fjallaskálar þurfa á slíkum leyfum að halda til þess að fara að öllum lögum og reglum. Það eru vinsamleg tilmæli til alla þeirra sem nota skálana að ganga vel um og skilja vel við að dvöl lokinni.

Blæs bikarinn til minningar um Hermann í Langholtskoti

Hestamennska er í hávegum höfð í hreppnum og fer áhugi á þessari skemmtilegu og hollu íþrótt vaxandi. Aðstaðan í Torfdalnum er að verða hin glæsilegasta með nýju reiðhöllinni og reiðvellingum sem er á svæðinu og er hestamannafélaginu til mikils sóma. Margir góðir hestamenn eru hér og hafa verið um áratuga skeið. Hestamennskan gengur greinilega í erfðir. Einn af þekktum hestamönnum hér um slóðir var Hermann heitinn Sigurðsson í Langholtskoti. Á dögnum gaf hans ágæta kona, Katrín Jónsdóttir, glæsilegan bikar til minningar um mann sinn og glæsihestinn Blæ sem Hermann átti. Þetta er afreksbikar Hestamannafélagsins Smára og veittur því pari, þ.e. hesti og knapa, sem skarar fram úr að mati stjórnar Smára ár hvert. Katrínu er ekki fisjað saman og afhenti hún bikarinn fyrir skömmu en hann hlutu Birna Káradóttir og Blæja frá Háholti.

Atvinnuþróunarfélag Suðurlands – nýtum þjónustu þeirra!

Fulltrúar í stjórn Atvinnuþróunarfélags Suðurlands héldu stjórnarfund hér í síðustu viku. Hreppsnefnd Hrunamannahrepps fundaði með stjórninni og farið var í skoðunarferð í Límtrésverksmiðjuna þar sem Sigmundur Brynjólfsson tók á mótí hópnum og sýndi verksmiðjuna. Í verksmiðjunni er verið að undirbúa stórt verkefni á Grænlandi, byggingu 6.000m² skóla í höfuðborginni Nuuk. Einnig vöktu athygli manna sallaflínar rólur sem settar verða niður á leiksvæðinu við Flúðaskóla. Úr Límtré var farið í Flúðasveppi þar sem Georg Ottósson sýndi verksmiðjuna og sagði frá grænmetisframleiðslu í Hrunamannahreppi. Hrunamannahreppur er aðili að Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands og eru atvinnurekendur hvattir til þess að nýta sér þjónustu félagsins. Hægt er að fá úttekt á hugmyndum og starfsemi fyrirtækja án endurgjalds en það er hluti af samningi sveitarfélaganna við Atvinnuþróunarfélagið. Fulltrúi þeirra mun verða staddur á Hreppskrifstofunni þriðjudaginn 15. september kl. 13.-15 og eru Hrunamenn sem áhuga hafa á nýsköpun eða öðrum atvinnurekstri hvattir til þess að nýta sér þjónustu Atvinnuþróunarfélagsins. 7

Kjartan Helgason f.v.hreppsstjóri í Hvammi færði okkur þessar upplýsingar um sundlaugina á Grafarbakka. En Björn Kjartansson er að endurbyggja laugina, þar sem verður baðaðstaða og veitingarekstur í framtíðinni.

Leptir fyrirmalum yðar Hr. Ljálumáður, höfundur
vjer undirskrifadur ályftið Sundlaugina á Grafar-
bakka. og leifum vjer öv þjers með að skera frá
mannvirkjum þeim sem þar hafa verið framkvæmt
við byggingu laugarinnar. —

1. Gardur úr miðdru 20 fæðma lángru 2 1/2 alín. hæð
breidd undir stöðu 12 fet. em að ofann 3 fet.
Þessu gardur stendur fyrir vatnsinu þar sem að
lögum er dýpst og vatnsþinginn mestur.
2. Á annann veg laugarinnar þar sem minni
vatnsþingji liggur ú er gardur 17 fæðmalángru
hæð hans 1 1/2 alín þíkt að nedann 6 fet. að
ofann 2 fet. öll hleðslann sínist vönduð og
vel af hendi leíst í gegnum gardinn þar sem
hann er þíkkastur. þessir verið smíðaður rétt
stakkur úr Þordum til hans fóru 9. Þord
víst Hr 12.
3. Leptir skýrleu verkstjóra hafa verið ummin
að ofann greindu verki 35 dagsverke og þíktis

akkur ekki ástada að reingja það?
4. Stærð laugarinnar er 450 fl. fadmar. —

Þítamallur vatnans í lauginni látum vjer fylgja
Athugasemd

Vjer viljum geta þeir að enn vantar að slætta
og grafa lítið eitt niður botnin á litlumblót.
og leingja lagri garðinn um fáa fadmar. til
þeir að fá jafnara vatnsdjúpið í allri lauginni
þærni líta lag fering verður framkvæmd
á næsta vori. —

þ. Grafarbakka 23. Novbr 1891.

Skili Þorvartson

Þróbjartar Flannesson

Þunnudaginn 9 ágúst, mældum
við undis-skreifatis, hitann í sund-
lauginni hjá Grafarbakka í Krinnamannak
og var hann frá, 29 — 30 gr. °R.,
þetta vottum við fúslga, þýris baidni
he alþingism Skila Þorvartsonar.

Skilf 18. nóvember 1891.

Guðmundur Lyðsson, Páll Lyðsson

Fréttir af barna og unglिंगastarfi GF.
Miðvikudaginn 19. ágúst sl. fór fram barna og ungl-
ingamót GF á Selsvelli. Keppt var í fimm flokkum og
þátttaka var góð í flestum flokkum, en alls voru 22



keppendur mættir til leiks.

Úrslit mótsins (6 holar leiknar):

13-14 ára strákar

1. Þórmundur Smári Hilmarsson
2. Kjartan Helgason
3. Emil Gunnlaugsson

11-12 ára strákar

1. Rúnar Guðjónsson

11-12 ára stúlkur

1. Erla Ellertsdóttir
2. Karen Eva
3. Selma Guðrún Gunnlaugsdóttir

10 ára og yngri strákar

1. Heiðar Smárason
2. Halldór F Unnsteinsson
3. Halldór F Helgason

10 ára og yngri stúlkur

1. Þórdís Jóna Kristjánsdóttir
2. Svava Lovísa Aðalsteinsdóttir
3. Sigríður Sara

Þeir keppendur, sem mættir voru, hafa langflestir verið að æfa golf reglulega í sumar þar sem þeir hafa notið leiðsagnar frá þeim Karli Gunnlaugssyni og Atla Þór Reynissyni ásamt undirrituðum.

Myndarlegur hópur mætti til leiks á HSK mót barna og unglinga, sem fram fór á dögum á Selfossi. Þar var árangur ágætur og þess ber að geta að Halldór Friðrik Unnsteinsson sigraði í flokki 10 ára og yngri.

Fyrir hönd unglिंगanefndar G.F. Árni Þór Hilmarsson

VIOLA snyrtistofa á Flúðum
Eftirfarandi meðferðir eru í boði
Andlitsbað Húðhreinsun
Litun og plokkun Handsnyrting
Fótsnyrting Förðun Vaxmeðferðir
Tímabantanir í síma 566-8342
og 856-1599(Hlíf)

Rafgirðingarefni

Höfum tekið að okkur einkaumboð á Íslandi fyrir
Rutland rafgirðingarefni sem er þrautreynt hér á landi

Kynningarafsláttur

Rutland™
Electric Fencing



480 5600
landstolpi.is

LANDSTÓLPI 

Karlakórinn Prestir úr Hafnarfirði ætla að koma í heimsókn til Hrunamanna laugardaginn 26. september n.k. og halda tónleika í Félagsheimilinu kl.16:00. Þessir tónleikar eru í röð nokkurra tónleika sem haldnir eru til styrktar MND-félaginu og rennur aðgangseyrir til þeirra. Prestir munu hafa góð orð um að Karlakór Hreppamanna taki vel á móti söngbræðrum sínum og hver veit nema þeir taki einnig lagið á tónleikunum?!

Frá Félagi eldri Hrunamanna

Kæru Félagar!

Eftir einstaklega sólríkt sumar, göngum við inní haustið full af orku og væntingum um góða haustdaga og gott félagslíf í vetur. Samverustundirnar í kjallaranum að Heimalandi hefjast á ný **þriðjudaginn 29. sept. kl. 13.00** eins og venjulega. Miðlum hvert öðru af þekkingu okkar og reynslu. En umfram allt njótum þess að vera saman.

Hiökkum til að sjá ykkur,
Bubba og Sigga.



UPPBOÐ Á ÓSKILAHESTI

Föstudaginn 11. sept. fer fram uppboð á óskilahrossi í Hrunaréttum. Hesturinn er 6-10 vetra, brúnn og enginn eigandi hefur gefið sig fram þrátt fyrir itrekaðar auglýsingar. Hesturinn er á bænum Bryðjuholti. Sýslumaðurinn á Selfossi, Ólafur Helgi Kjartansson, mun bjóða hrossið upp um kl. 12:30.

Sveitarstjóri Hrunamannahrepps.



Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur Löggitur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Söngvaseiður

Ákveðið hefur verið að fara í leikhús og sjá Söngvaseið.

Farið verður 9.okt og hefst sýning kl.19:00

Þeir sem hafa áhuga á að fara eru beðnir um að panta í

síðasta lagi 20. sept!!!!

Miðarnir óskast sóttir og greiddir í Heimalandi 29.sept

frá kl. 13:00-17:00. Miðaverð er 3250 kr.

Rúta fer frá Félagsheimilinu kl. 16:30.

Miðapantanir hjá: Kiddu í síma 486 6649

og Siggju Eiríks í síma 486 6672

Félag eldri Hrunamanna

Jóganámskeið

Nú er yndislegt sumar á enda og haustverkin tekin við. Með haustinu kemst allt í fastari skorður hjá okkur aftur eftir smá "óreglu" yfir sumartímann. Því er ekki úr vegi að huga aðeins að líkama og sál.

Einn valkostur fyrir þá sem hyggjast gera eitthvað í þeim efnum er jóga. Ég ætla að bjóða upp á 10 tíma jóganámskeið á Flúðum í haust. Kennst verður á fimmtudögum kl. 17:20 frá 1. október til 10

desember. Einn frír prufutími er í boði. Áhersla lögð á að tímarnir séu rólegir og notalegir. Jógaæfingar eru bæði liðkandi og styrkjandi, auk þess styrkja þær jafnvægi, einbeitingu og viljastyrk.

Einnig kenndar öndunaræfingar og slökun. Nánari upplýsingar og skráning í síma 898 0677 og 486 6777.

Aðalheiður Jónsdóttir jógakennari

Tamning-þjálfun

Nokkur pláss laus í tamningu og þjálfun í haust.

Upplýsingar hjá Manna í síma 899 0772

Viðvera oddvita á Skrifstofu Hrunamannahrepps verður framvegis á mánudögum frá kl:10:00-12:00

Frá Uppsveitasystrum

Uppsveitasystur hefja sitt fjórða starfsár mánudaginn 21. september næstkomandi kl. 20:30 í Brautarholti. Það er von okkar að sjá ykkur sem flestar á æfingu, gamlar og nýjar kórkonur.

Stjórnin.



Frá Bókasafni Hrunamanna

Vetraropnun frá 1. september:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18

Aðgangur að tölvu fyrir almenning gegn vægu gjaldi.

Alltaf eitthvað nýtt efni í hverri viku.

Vinsamlegast munið að skila bókum á réttum tíma.

Munið heimasíðu bókasafnsins: <http://www.fludir.is/bokasafn/>

Netfang: bokasafn@fludir.is

Sími 486 6708

Kaffi



Frá og með 1. september verður opið

Mánudag til Fimmtudags frá 11.30- 13.30 og frá 18.00-21.00

Föstudag til Sunnudags frá 11.30-21.00

Opening hours

Monday to Thursday from 11.30-13.30 and from 18.00-21.00

Friday to Sunday from 11.30-21.00

Ef óskir eru um þjónustu utan opnunartíma

Vinsamlega hringið í síma 663-7770/ 663-7771

Sveitakeppni unglunga og öldunga á Selsvelli.

Í ágúst sl. fóru fram tvær sveitakeppnir á Selsvelli hjá GF. Fyrri keppnin var í flokki 18 ára og yngri sem fram fór dagana 14. til 16. ágúst og sú síðari var í flokki öldunga sem fram fór dagana 27. til 29. ágúst.

Í unglingaflokki mættu 15 sveitir til leiks og þar sigruðu GR-ingar í bæði pílta og stúlknaflökki. Keppendur voru alls um 90 talsins. Í sveitakeppni öldunga sigraði GR í karlaflokki og GK í kvennaflokki. Heimamenn í GF lentu í 9. sæti, en 13 karlasveitir voru skráðar til leiks og 8 kvennasveitir, alls 21 sveit. Keppendur voru alls 152.

Veður var hagstætt í báðum þessum golfmótum og gekk framkvæmd mótana afar vel. Næsta golfmót á Selsvelli er hið rómaða Réttarmót sem fram fer laugardaginn 12. september og er skráning á www.golf.is Golfklúbburinn Flúðir



Sveit GF talið frá vinstri: Karl Gunnlaugsson, Jónas Ragnarsson, Emil Gunnlaugsson, Helgi Guðmundsson, Pétur Skarphéðinsson, Hannes Ragnarsson og Gauti Indriðason, liðsstjóri. Ljósm. Unnsteinn Eggertsson

DAGMAMMA

Ég stefni að því að hefja starf sem dagamma þann 1. október n.k. í Garði. Ég hef fengið samþykki félagsmálafulltrúa uppsveita Árnessýslu til þessa starfs og hefur hún skoðað allar aðstæður hjá mér. Ég hef menntun sem félagsliði og hef unnið á vöggustofu, öllum deildum leikskóla, barnaheimili, heimili fyrir heyrnarlaus börn, grunnskóla og skóladaheimili á Grænlandi..

Mér finnst gaman að vinna með börnum og fólki og þess vegna langar mig að vinna sem dagamma.

Áhugasamir hafi samband við mig.

Sími: 864 6468; netfang: ainarlo@yahoo.dk

Louise Olsen

Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:00-19:00
Laugardaga	10:00-19:00
Sunnudaga	10:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.

TIL LEIGU

Til leigu stúdíó/einstaklings íbúð að Austurhofi á Flúðum.

Er laus strax

Uppl. 894 7208 Grétar, 847 2322 Elísabet

Tækjasalurinn í Íþróttahúsinu er opin:

Mánudaga til föstudaga frá kl. 15:30-21:00

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími .

Mánudaga til föstudaga: 16:00-21:00

Laugardaga 10:00-18:00

Sunnudaga: 13:00-18:00

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar

í Laugarási **480 5300**

Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804

Taktu þér tak með
Herbalife.

Eva Marín Hlynsdóttir
Sjálfstæður dreifingar-
aðili Herbalife.

silja1@simnet.is / 892

16

6728



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hruna-
manna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og **899-9665.**

Inga Birna.

Flúðaleið ehf

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

12:00 frá Landflutningum og

13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Nánari upplýsingar eru hjá Pálmari í síma 892-2370.

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2371- Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur.

892-2372 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2308- Trailer

892-2316- Trailer

Með von um gott samstarf
Starfsfólk Flúðaleiðar

Karлакór Hreppamanna

Fyrsta söngæfing karlakórsins verður þriðjudaginn 15. september kl 20:30 í Félagsheimilinu á Flúðum. Nú er upplagt fyrir þá sem ekki eru nú þegar í kórnum en tóku lagið í réttunum að kíkja á fyrstu æfinguna. Við minnum á heimasíðu okkar www.kkhreppamanna.com

ATVINNA

ZERO þarf auka starfsmenn í sérstök verkefni 1-2 sinnum í mánuði.

Hefurðu áhuga??

Nánari upplýsingar hjá Hjalta í síma 865 8151

eða jonhjalti@fludaskoli.is

Félagsmiðstöðin ZERO

Vöruflutningar
Reykjavík—Árnessýsla



VÖRUFLUTNINGASTÖÐIN

Vörumóttaka Héðinsgata 1-3
Sími: 533 2211

VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.


Brottför frá Reykjavík, Héðinsgötu 1-3 sími: 533 2211. Mánudaga til föstudaga kl. 13:00, Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og

Byko kl. 14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar

856 1581 Stefán





VÖRÐUKÓRINN

Fyrsta æfing haustsins verður í Árnesi 16. september kl. 20:30 og framvegis á sama tíma á miðvikudagskvöldum.

Efnisskrá vetrarins verður íslensk tónlist, gömul og ný.

Alþekkt er að kreppur og önnur leiðindi hverfa á braut með söng í góðum félagskap.

Við hvetjum því nýja og gamla félagi til að starfa með okkur í vetur.



Atvinnuþróunarfélag Suðurlands

Starfsmaður Atvinnuþróunarfélags Suðurlands verður með viðveru í Hrunamannahreppi, þriðjudaginn 15. september n.k. á skrifstofu Hrunamannahrepps, Flúðum, milli klukkun 13 og 15.

Nýtið tækifærið að hitta ráðgjafa í heimabyggð til að ræða hugmyndir og leiðir til atvinnuþróunar. Hægt er að panta tíma í síma 480 8210.

Allir velkomnir!

Matarkistan Hrunamannahreppur

Uppskeruhátíð 19.09.2009

Dagskráin er í mótun og áhugasamir Hrunamenn hvattir til að taka þátt.

Allt ennþá opið varðandi þátttöku og atriði.

Dagskrá verður uppfærð jafnóðum á www.sveitir.is og

www.fludir.is

Hrunakirkja. Þakkargjörðarmessa í Hrunakirkju kl.11.00 á laugardagsmorgni

Matarkistan - Uppskerumarkaður í félagsheimlinu á Flúðum kl. 13:00-17:00, Fjölbreytt úrval af glænýju íslensku grænmeti og matvælum úr sveitinni, kjöt, fiskur mjólkurvörur og fleira. Einnig handverk heimamanna.

Þeir sem áhuga hafa á að taka þátt í markaðnum geta hringt í Esther í síma 486 6590 og 865 8761

Kvenfélag Hrunamannahrepps selur kaffiveitingar í félagsheimilinu.

Kaffi Grund Flúðum

verður með gestakokkana Begga og Pacas sem munu töfra fram framandi og gómsæta grænmetisrétti allan daginn og halda uppi stemmningu eins og þeim einum er lagið.

Golfvöllurinn Efra-Seli, Opna íslenska grænmetismótið.

Opið golfmót þar sem leikin er punktakeppni með fullri forgjöf (36).

Kept er í þremur flokkum; karla, kvenna og barna (12 ára og yngri – 9 holar).

Veitt verða verðlaun fyrir 3 efstu sætin í hverjum flokki auk fjölda aukaverðlauna.

Mótsgjaldi er stillt í hóf, aðeins 2.000 kr./fullorðinn og frítt fyrir börnin!

Skráning er á www.golf.is og í síma 486-6454 eða á netfangið gf@kaffisel.is

Sölufélag garðyrkjumanna er aðalstyrktaraðili mótsins. www.islenskt.is

Kaffi-Sel – golfskálanum.

Uppskeru-tilboð á pizzum – 20% afsláttur af öllum pizzum á matseðli.

Handverk og list

Bjarkarhlíð - Anna Magnúsdóttir, opið hús í Bjarkarhlíð

Dalbær - Rut Sigurðardóttir, opið hús í glervinnustofunni Dalbæ

Félagsheimilið - Helga Magnúsdóttir, Bryðjuholti verður í félagsheimilinu og Guðmundur Magnússon, Steinahlíð

Laugaland - Dóra Mjöll „Leikur að list“ opið hús 13:00-17:00

Leirlist í **Hruna**, vinnustofa Sigríðar Helgu leirlistakonu í Hruna

opin frá 12:00-14:00

Gröf.

Minjasafnið að Gröf Flúðum verður opið. Allir velkomnir.

Sólheimar.

Opinn landbúnaður: Blandað bú, fjós, fjárhús, lítið minjasafn og gamlir bílar. Heimsóknar-upsperu-tilboð 500 kr. á mann og frítt fyrir börn. Opið. 12:00-15:00

Útlaginn Flúðum - Tónleikar og dansleikur laugardaginn 19. september
Kristín Magdalena Ágústsdóttir söngkona og Hörður Friðþjófsson gítarleikari halda tónleika á Útlaganum kl. 17:00. Leika þau létt lög t.d. eftir Sigfús Halldórsson, Leonard Cohen, Sálina, Magnús Þór Sigmundsson, lög sem Ellý Villhjalms gerði þekkt og fleiri. Aðgangseyrir aðeins 1000 kr.

Hljómsveitin Sixties spilar frá 23:00 – 02:00 laugardagskvöld

Hótel Flúðir - Uppskerutilboð 19.09.09

Gisting, þriggja rétta hátíðarkvöldverður úr hráefni úr sveitinni og morgunverðarhlaðborð.

Kr. 10.900.- per mann, miðað við 2 í herbergi

Kl. 14:00-16:00 verður grænmetissúpa stútfull af hollustu og gleði, fyrir framan Hóтелиð og getur hver sem vill fengið sér smakk af henni frítt.

Kl. 15:00 Reiptog yfir ána - Heimamenn og aðkomumenn keppa.

Flúðasveppir Undirheimum Flúðum

Milli kl. 16:00 og 17:00 verður tekið á móti fólki í **Sveppasmakk** hjá Flúðasveppum. Sveppaveisla og einn kaldur með. Allir velkomnir.

Þátttaka unga fólksins

Torgstemning fyrir utan skólann eða fyrir aftan félagsheimilið.

Uppákomur og leikir fyrir yngri kynslóðina.

Gönguferð með leiðsögn sunnudaginn 20. september,

Stóru- Laxárgljúfur (Dagsganga) Sunnudagurinn 20. september

Ekið er inn í afrétt og gegnið niður með hinu stórkostlega gljúfri Stóru- Laxár. En það er rómað fyrir náttúrufegurð. Komið við í Hrunakrök og endað á Kaldbak. Ógleymanleg ganga. Gangan er hugsuð sem náttúruskoðun. **Göngugarpar mæti á planið hjá Félagsheimilinu á Flúðum kl 10.00 en þaðan verða þeir keyrðir inn í afrétt. Tekin er greiðsla fyrir akstur inn á afrétt. (Þessi ferð er aðeins farin ef veður leyfir)**

Áætlaður göngutími er 7-8 klst.

Panta verður í ferðina hjá Evu Marín Hlynsdóttur í síma 4866728 / 8926728

Fararstjóri: Anna Ásmundsdóttir

Frá Kiwanismönnum

Kiwanisklúbburinn Gullfoss tók til starfa í nóvember 1984 en var formlega vígður í apríl 1985. Félagar urðu fljótlega um 30 talsins en fækkaði smám saman og nú síðustu tvö árin aðeins níu, þar af sjö sem voru meðal stofnfélaga. Þeir hafa gegnum árin reynst sterkur og góður kjarni ásamt tveimur traustum mönnum úr Gnúpverjahreppi. Reynt hefur verið að fá inn nýja féлага en það hefur ekki tekist. Meðalaldur félaga var orðinn rúm 70 ár og var því samþykkt á fundi á s.l. vori að leggja klúbbinn niður. Var það gert með nokkrum trega því allir félagar voru sammála um að þetta væri góður félagsskapur sem hefði margt gott látið af sér leiða á þessum aldarfjórðungi sem klúbburinn starfaði. Við höfum á þessum árum kynnst fjölda fólks um land allt og eigum margar ljúfar minningar úr leik og starfi. Klúbburinn hefur veitt styrki til margra aðila, mest hér á sínu svæði, og nema þær upphæðir mörgum milljónum króna á núvirði. Á þessu starfsári höfum við veitt styrki samtals um hálfan milljón króna. Geta má þess að klúbburinn lagði mikla vinnu og fjármagn til landgræðslu Hrunamanna, á þessu ári t.d. 85 þúsund króna styrk til landgræðslufélags Hrunamanna.

Helsta fjáröflunarleið klúbbfélaga var jafnan sala á jólastjörnum og viljum við færa fólki hér í uppsveitum Árnessýslu alúðar þakkir fyrir góðar mót-tökur í söluferðum okkar.

Ef til vill verður hér síðar stofnaður nýr Kiwanisklúbbur sem tekur við kyndlinum, en þörfin fyrir slíka starfsemi er jafnan fyrir hendi. Við viljum jafnframt við þetta tækifæri þakka öllum fyrrverandi félögum fyrir góð störf á þessum vettvangi og þá fá konurnar okkar ekki síst miklar þakkir fyrir stuðning og uppörvun í starfinu.

Við minnumst með virðingu og þökk þeirra félaga sem látnir eru. Bestu kveðjur og þakkir til félaga í Kiwanisklúbbnum Búrfelli á Selfossi fyrir mikið og gott samstarf nú síðustu árin.

Megi okkar góða samfélagi vegna sem best á komandi árum.

Fyrir hönd Gullfossfélaga,

Ágúst Sigurðsson, forseti Gullfoss 2008-2009

Jóhannes Sigmundsson, fyrsti forseti Gullfoss

“Efri koja”

Til sölu rúm, sem hentar vel krökkum 6 til 10 ára.

Rúmið er 90 cm á breidd og er í 140 cm hæð með stiga

Verð 15.000

Upplýsingar gefur Víðir 899 5668



Ingibjörn í Auðsholti með góðan afla. Ljós:SigSigm



Íslandmeistarar í 4 flokki karla ásamt hiálfurum



Knapar framtíðarinnar. Ljós:SigSigm

